

1086. stjórnarfundur VR

Haldinn mánudaginn 7. janúar 2013 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð

Mætt:

Stefán Einar Stefánsson, Eyrún Ingadóttir, Sigurður Sigfússon, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.
Elías G. Magnússon fagstjóri kjaramála var gestur fundarins.

Ásta Rut Jónasdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Endurskoðun kjarasamninga 2013

Stefán Einar fór yfir stöðu endurskoðunar kjarasamninga og var Elías G. Magnússon fagstjóri kjaramála gestur fundarins vegna þessa. Fór Stefán Einar almennt yfir það hvernig staðið var að allsherjarsamningunum á sínum tíma og skýrði hvernig atkvæðavægi væri háttað í samninganefnd ASÍ. VR er þar með sérstöðu þar sem við stöndum utan Landsambandsins í samningunum. Fór Stefán Einar yfir þetta efni á sérstökum glærum, m.a. niðurstöðu úr könnun meðal félagsmanna um afstöðu þeirra til kjarasamninganna og þeirra hækkana sem samið var um. Stefán Einar dreifði niðurstöðum í skjalinu “*Kjarasamningar VR Desember 2012*” og fór yfir efnið. Kom þar m.a. fram að um 32% hafi fengið launahækkunir umfram það sem samið var um í kjarasamningum. Einnig að rúmlega 35% aðspurðra töldu að fyrirtækið sem þeir störfuðu hjá hefði gott svigrúm til hækkana nú. Sagði Stefán Einar að 3,25% launahækkunin í samingnum ætti að skila 5-6 milljörðum kr. á ársgrundvelli til okkar fólks og fór hann yfir sérstök reiknidæmi um hækkunir fyrir einstaklinga í mismunandi stöðum.

Ragnar Þór mætti kl. 18:17

Í máli Stefáns Einars kom fram að það væri mat samninganefndar að engar líkur séu á að við náum samningum fyrir alþingiskosningarnar ef við segjum þeim upp núna. Yrði það til þess að samningar myndu í fyrsta lagi nást í september eða október n.k. en atvinnurekendur hafna öllum breytingum á samningum.

Umræður.

Undir þessum dagskrárlið kynnti Helga kostnaðartölur sem óskað hafði verið eftir á síðasta stjórnarfundum og dreifði skjölunum “*Minnisblað – Efni: Fyrirspurn vegna Klasaverkefnis*” dags. 7. janúar 2013 og “*Minnisblað – Efni: Ferðir formanns erlendis á árunum 2011 og 2012*” dags. 7. janúar 2013.

Einnig var rætt um að stjórnarfundur sem vera átti 16. janúar 2013 myndi færast til 20. janúar og að vinnufundur stjórnar færist fram í mars mánuð vegna samninganna og kosninga og betra að ný stjórn komi að því verkefni.

Stefán Einar sagði einnig frá því að fréttatilkynning um rekstur sjúkrasjóðs VR verði send út á morgun – greiddur hafi verið út rúmur milljarður króna á árinu 2012.

Fundarritari, Árni Leósson, vék hér af fundi kl. 18:50 og tók Sigurður Sigfússon við fundarritun.

Í umræðum kom m.a. eftirfarandi fram:

Rætt um að nota gagnagrunninn, þ.e. innborguð félagsgjöld, til að greina launaþróun o.fl.

Áhyggjur af þeirri staðreynd að margir muni notfæra sér að hækka vörur og þjónustu strax og ákveðið hefur verið að segja samningunum ekki upp.

Nokkrar umræður um afnám verðtryggingarinnar.

Samhljómur um að fara í að undirbúa samningana 2014 strax og þessari lotu lýkur. (Þá reiknað með að samningunum verði ekki sagt upp).

Ragnar Þór vék af fundi kl. 19:25.

Þeirri hugmynd velt upp hvort krónutöluhækkun sé líklegri til árangurs en prósentöluhækkunar.

Líka lagt til að birta allar hækkunar- og þjónustufyrirtækja á heimasíðu VR. Stefán Einar vill að VR taki forystuna í að undirbúa samningana 2014.

Gestur fundarins, Elías G. Magnússon, var þeirrar skoðunar að ekki ætti að segja samningunum upp núna þar sem ljóst væri að við fengjum þá engar hækkunar fyrir en í fyrsta lagi í haust.

Ekki var talin ástæða til að kalla eftir endanlegri afstöðu stjórnarmanna enda enn nokkur tími til stefnu þar til endurskoðunarfresturinn líður.

Fundi slitið laust fyrir kl. 20:00.

Fundarritarar, Árni Leósson og Sigurður Sigfússon.